

Vinastund 12

Að öllum líði vel



Umraeður:

Hugmyndir af spurningum.

- o Hvernig líður okkur í dag?
- o Hvað getum við gert svo að öllum líði vel?
- o Þarf manni alltaf að líða vel?
- o Hvað getum við gert ef að einhverjum líður illa?

Leikur:

Hvað eigum við að gera í dag?

Fáið hópinn til þess að velja í hvaða leik þið ætlið að fara í. Passið að allir séu sammála. Líður öllum vel með valið? Ef ekki, hvað getum við gert svo að allir séu sáttir?

Verkefni:

Töfrasprotinn:

Markmiðið er að finna atriði sem eru mikilvæg til að öllum líði vel. Æfingin virkar þannig að hver og einn fær að segja:

„ ef að ég ætti töfraspróta myndi ég..... til þess að öllum líði vel á deildinni“.

Kennarinn getur komið með hugmyndir eins og t.d „ef að ég ætti töfraspróta mundi ég bæta, laga, passa, hjálpa, ákveða til þess að öllum líði vel á deildinni“.

Getur verið gaman að hafa töfraspróta sem gengur á milli.

Kennari skráir niður á blað, gæti hengt það upp á vegg inni í fataherberginu.

Börnin teikna svo töfraspróta á blað og kennarinn hjálpar þeim að skrifa .

Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesstann eða veifa

